

68. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

68. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í húsnæði Massa í Njarðvík 20. ágúst 2016.

Mætt voru: Borghildur Erlingsdóttir, Róbert Kjara, Ása Ólafsdóttir, Gry Ek, Alex Cambray Orrason og Kári Rafn Karlsson, ásamt Maríu Guðsteinsdóttur starfsmanni KRAFT. Forföll boðaði Rósa Birgisdóttir

Þetta gerðist:

1. Slys á keppanda á EM

Atvikið rætt. Mikilvægt að það sé unnið áfram með réttum hætti. Alex tekur að sér að fylgja málinu eftir. Keppandanum er óskað bata, og mun Alex sjá til þess að stjórn fái upplýsingar um framhald málsins.

2. Fjármál KRAFT og bókhaldskerfi.

Alex hefur farið yfir fjármál KRAFT. Rætt var um kostnað vegna RIG, sem og kostnað vegna búninga og vegna landsliðs. Mikill kostnaður var af komu fyrirlesara og ljósabúnaðar vegna RIG. Einnig rætt að lágmarka allan kostnað vegna RIG í janúar nk. Ákveðið að ræða fyrirkomulag RIG á næsta fundi stjórnar.

Greiðslur frá afrekssjóði voru ræddar, og tók Ása að sér að kanna nánar skiptingu greiðslanna, og mun koma með upplýsingar á næsta fund stjórnar.

Alex kynnti jafnframt að hann óskaði eftir að taka í notkun rafrænt bókhaldskerfi fyrir KRAFT, sem gefur mun betri möguleika á sundurliðun kostnaðar, og gæti reynst öflugt tæki fyrir sambandið. Kostnaður af því er kr. 4.600 á mánuði. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Þátttaka á HM unglunga og HM í opnum flokki.

Málið rætt, m.a. hver eigi að fylgja keppendum út til keppni og dómaramál. Samþykkt að senda Kára Rafn Karlsson sem dómara á HM í opnum flokki. Á HM í opnum flokki í búnaði eru skráðir fjórir íslenskir keppendur, sem ekki keppa allir á sama tíma. Samþykkt að Grétar Hrafnsson verði þjálfari þeirra keppenda sem þar keppa (Head Coach), en Kári Rafn mun, auk dómara starfa, sækja aðalfund IPF fyrir hönd KRAFT og aðstoða keppendur eftir föngum.

Á HM unglunga í búnaði fara að öllum líkindum fjórir keppendur. Fyrir liggur að þrír þeirra munu keppa sama dag, og getur einn þjálfari því tæpast fylgt þeim eftir, svo vel megi vera. Í því ljósi, var sú tillaga lögð undir stjórn KRAFT að greiða þeim Grétari Hrafnssyni og Grétari Skúla Gunnarssyni kostnað af för þeirra, þ.e. flugi og hóteli. Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem um teflir, var sú tillaga samþykkt.

4. Val í landslið 2016

Þjálfararáð hefur rætt um lágörk um val í landslið. Ásu falið að kalla eftir tillögum þjálfararáðs um lágörk fyrir næsta fund stjórnar. Þá hefur verið óskað eftir tillögum um breytt viðmið um val í landslið. Stefnt að því að leggja þessar tillögur fram á næsta fundi stjórnar. Einnig þarf að huga að landsliðssamningum í þessu samhengi, einkum þar sem landsliðsþjálfari hefur nú látið af störfum hjá sambandinu.

Fleira var ekki rætt. Samþykkt að halda næsta fund stjórnar þann 30. ágúst nk. kl. 16.15 í aðstöðu KRAFT í Laugardalnum. - Fundaritari Ása Ólafsdóttir